

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

610. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 31. ágúst 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Ályktun 17. Ársþings SSNV um byggðamál.
2. Erindi Flugleiðahótela ehf.
3. Fundargerð stjórnar SSNV frá 12. ágúst sl.
4. Tímabundin breyting á launakjörum sveitarstjórnar, sveitarstjóra og forstöðumanna Húnaþings vestra.

Afgreiðslur:

1. Fram lögð til kynningar ályktun 17. Ársþings SSNV um byggðamál.
2. Fram lagt erindi Flugleiðahótela ehf. þar sem óskað er eftir framlengingu á leigusamningi um húsnæði Grunnskóla Húnaþings vestra á Laugarbakka þ.e. vegna sumarsins 2010. Byggðarráð samþykkir að fresta afgreiðslu erindisins.
3. Fram lögð til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 12. ágúst sl.
4. Sveitarstjóri greindi frá því að samkomulag hefur verið undirritað við forstöðumenn sveitarfélagsins og sveitarstjóra um tímabundna lækkun launa. Um er að ræða 5% lækkun grunnlauna og að þess í stað fái umræddir starfsmenn einn frídag í mánuði, jafnframt er sammingsbundinn föst yfirvinna skert um 10%. Um er að ræða tímabilið frá 1. september nk. til og með 31. desember 2010. Laun sveitarstjórnar lækka um 5% frá og með 1. september nk.

Samþykkt að taka á dagskrá:

5. Lagt fram bréf Fjárlaganefndar Alþingis þar sem sveitarstjórnnum er boðið að eiga fund með nefndinni. Byggðarráð felur sveitarstjóra að óska eftir fundi með nefndinni þann 30. september nk.
6. Byggðarráð Húnaþings vestra krefst þess að hraðahindrun/gangabraut á Norðurbraut, norðan Hlíðarvegar, sem sýnd er á teikningum af breytingum á Hvammstangabraut/Norðurbraut verði hluti af þeim endurbótum sem nú er unnið að þrátt fyrir að umrædd hraðahindrun/gangbraut sé utan útboðsmarka. Það er skoðun byggðarráðs að uppsetning þessarar hraðahindrunar/gangbrautar sé veigamikil að atriði í því að ná fram lækkun á umferðarhraða og auknu umferðaröryggi. Auk þess væri gangbraut á umræddri hraðahindrun mikilvæg fyrir íbúa t.d. grunnskólabörn og íbúa í íbúðum aldra sem búa vestan Norðurbrautar.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),

Þ. Karl Eggertsson(sign.),

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).

Fundi slitið kl. 12:00

Skúli Þórðarson(sign.),

Heimir Ágústsson(sign.),